Nd. 498. Breytingartillögur

við frv. til laga um bygðarleyfi.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson og Pjetur Ottesen.

1. Við 1. gr.

Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Slíkt leyfi þurfa þó ekki:

1. Starfsmenn ríkisins.
2. Þeir, sem eiga 5000 kr. skuldlausa eign.
3. Vistráðin árshjú.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Nú sest maður að í framfærsluhjeraði án þess að hafa fengið þar bygðarleyfi eða sje það heimilt samkv. 1. gr., og skal hann þá sæta sektum, alt að 200 krónum. Dvelji hann áfram í framfærsluhjeraðinu án þess að fá þar bygðarleyfi, skal hann sæta sömu sektum árlega. Húsráðandi, húseigandi eða jarðeigandi, sem tekur mann í húsmensku eða leigir honum íbúð, þurrabúð eða jarðarafnot, án þess að hann fullnægi skilyrðum 1. gr., skal og sæta sektum, frá 200—500 krónum.